

Nd.

298. Breytingartillaga

[159. mál]

við frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olúgjald o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Halldóri Blöndal.

Aftan við frv. bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi kys fimm manna nefnd til að endurskoða lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Nefndin skal hafa samráð við þá hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og eiga aðgang að öllum upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun, Fiskifélag Íslands, Aflatryggingasjóður og Kjararannsóknarnefnd geta veitt.

Þessir aðilar skulu einnig veita þá aðstoð sem nefndin biður um vegna starfa sinna.

Þá skal nefndin kanna og gera tillögur um hvernig draga megi úr vaxandi rekstrarkostnaði fiskiskipa, sem stafar m. a. af æ tíðari gengisfellingum, en í kjölfar þessa fylgja endurtekin afskipti ríkisvaldsins af kjarasamningum sjómanna.

Einnig verði kannað hvort og á hvern hátt olújuöfnunarsjóður geti orðið að liði í þessu sambandi, svo og hvort hljómgrunnur sé fyrir breyttu og bættu launafyrirkomulagi fiskimanna.

Nefndin skili álit sínu og tillögum í upphafi næsta reglulegs þings.

Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.